

Fyrirspurn

til félags- og jafnréttismálaráðherra um
framkvæmd reglugerðar nr. 1009/2015.

Frá Rósu Björk Brynjólfsdóttur.

1. Hvernig hefur Vinnueftirlit ríkisins hagað eftirliti með framkvæmd reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum?
2. Hve mörg mál bárust Vinnueftirliti ríkisins frá gildistöku reglugerðar nr. 1009/2015 til ársloka 2017 vegna:
 - a. eineltis,
 - b. kynferðislegrar áreitni,
 - c. kynbundinnar áreitni,
 - d. ofbeldis á vinnustöðum?
3. Hve marga úrskurði hefur Vinnueftirlitið fellt á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 1009/2015 og hvernig flokkast þeir samkvæmt aðgreiningunni í 2. tölul.?
4. Hafa einhverjar og þá hversu margar, ákvarðanir Vinnueftirlitsins sem teknar voru á grundvelli reglugerðar nr. 1009/2015 verið kærðar til velferðarráðuneytisins?
5. Hefur einhverjum þeirra atvika sem varða kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og Vinnueftirlitið fjallaði um verið vísað til lögreglu?
6. Hyggst ráðherra grípa til aðgerða, og þá hverra, til að styrkja eftirlit Vinnueftirlitsins með framkvæmd reglugerðar nr. 1009/2015, einkum hvað snertir kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustöðum í ljósi hinnar miklu samfélagsumfjöllunar undir yfirskriftinni „Í skugga valdsins #metoo“ að undanfögnu?

Skriflegt svar óskast.